

6. APR. 2020

Bréfalykill: 09.02.02

Dalabyggð  
Þórður Már Sigfússon  
Miðbraut 11  
370 Búðardalur

Reykjavík 31. mars 2020  
UST202003-290/A.B.  
10.04.02

### **Efni: Lýsing - Aðalskipulag Dalabyggðar 2004 - 2016 – Heildar endurskoðun**

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Dalabyggðar er barst 11. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu að endurskoðun á aðalskipulagi sveitarfélagsins. Helstu viðfangsefni verkefnisins er m.a. að gera úttekt og flokka landbúnaðarland, taka saman yfirlit yfir helstu auðlindir, fjalla um samgöngur og íbúðarþróun.

#### **Sérstök vernd**

Umhverfisstofnun bendir á að innan sveitarfélagsins eru vistkerfi sem njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd eins og votlendi, fossar og birkiskógar. Hægt er að sjá útbreiðslu vistkerfanna og jarðminjanna á vefsíðu Náttúrufræðistofnunar Íslands (NÍ), [serstokvernd.ni.is](http://serstokvernd.ni.is), og vefsíðu Skógræktarinnar, [www.skogur.is](http://www.skogur.is).

Umhverfisstofnun bendir á að í 61. gr. laga um náttúruvernd er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. greinarinnar. Skv. 3. mgr. ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Með orðalaginu „brýn nauðsyn“ er lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að það komi fram í tillögunni hver sé stefna sveitarfélagsins varðandi vernd þeirra vistkerfa og jarðmyndana sem falla undir 61. gr. laganna og hvernig stefnan sé í samræmi við ákvæði laganna.

#### **Vistgerðir**

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar Íslands (<http://vistgerdakort.ni.is/>) eru innan sveitarfélagsins vistgerðir sem hafa mjög hátt verndargildi og á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar. Starungsmýrarvist er dæmi um vistgerð innan sveitarfélagsins sem hefur mjög hátt verndargildi og með ríkulegu fuglalífi þar sem algengustu varpfuglar eru m.a. lóupræll

(*Calidris alpina*), spói (*Numenius phaeopus*) og þúfutittlingur (*Anthus pratensis*). Þess má geta að m.a. spói er ábyrgðartegund Íslands.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að það komi fram í tillögunni hver sé stefna sveitarfélagsins varðandi landnotkun á svæðum vistgerða með hátt verndargildi og búsvæðum fugla.

### **Mikilvæg fuglasvæði**

Umhverfisstofnun bendir á að innan sveitarfélagsins eru mikilvægt fuglasvæði skv. vistgerðarkorti NÍ sem nefnist Laxárdalsheiði.

Umhverfisstofnun bendir á að á þessum svæðum eru fuglategundir sem eru forgangstegundir skv. Bernarsamningnum, á valista og ábyrgðartegund Íslands. (Sjá lista NÍ: <https://www.ni.is/greinar/forgangstegundir-fugla> )

Í skýrslu NÍ frá árinu 2012 er nefnist „*Vöktun íslenskra fuglastofna - Forgangsröðun tegunda og tillögur að vöktun*“ eftir Guðmundur A. Guðmundsson og Kristín Hauk Skarphéðinsson segir m.a. að talað sé um ábyrgðartegundir einstakra landa ef stór hluti einhvers dýrastofns byggir afkomu sína á tilteknum svæðum innan einstakra þjóðríkja. Einnig segir í skýrslunni að Íslendingar beri mikla ábyrgð á mörgum stofnum fugla sem annaðhvort verpa hér í óvenju ríkum mæli eða þá að stór hluti viðkomandi stofns fari hér um á ferðum sínum vor og haust. Á heimasíðu NÍ segir að miðað sé við að um 20% af Evrópustofni viðkomandi tegundar nýti Ísland til varps eða komi hér við á ferðum sínum kallist ábyrgðartegund.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að það komi fram í tillögunni hver sé stefna sveitarfélagsins varðandi landnotkun á svæðum sem eru mikilvæg búsvæði fyrir fugla.

### **Vegir í náttúru Íslands**

Umhverfisstofnun bendir á að skv. 2. mgr. 32. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd skulu sveitarfélög við gerð aðalskipulags gera tillögu að skrá á stafrænum kortagrunni um vegi aðra en þjóðvegi í náttúru Íslands þar sem umferð vélknúinna ökutækja er heimil. Sveitarfélög skulu í tillögunni flokka vegina í samræmi við flokkun skv. 4. gr. reglugerðar nr. 260/2018 um vegi í náttúru Íslands. Auk þess bendir stofnunin á að vinnu samkvæmt ákvæði þessu skal lokið fyrir árslok 2020.

Við gerð skrárinnar skulu sveitarfélög hafa samráð við Umhverfisstofnun eða önnur stjórnvöld þjóðgarða ef við á, Vegagerðina, Landgræðslu ríkisins, Landmælingar Íslands, samtök útivistarfélaga, náttúru- og umhverfisverndarsamtök, Bændasamtök Íslands og Samtök ferðaþjónustunnar, sbr. 2. mgr. 32. gr. laga um náttúruvernd. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að samráðið fari fram á vinnslustigi tillögunnar þar sem skv. 75. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013 fer Umhverfisstofnun með eftirlit með framkvæmd laganna, þar á meðal með eftirlit, í samvinnu við önnur stjórnvöld, með því að reglur um akstur utan vega séu virtar.

Umhverfisstofnun vekur athygli á því að vegaskráin er jafnframt háð samþykki Umhverfisstofnunar, eða annarra stjórnvalda þjóðgarða, þegar svæði liggja innan friðlýstra svæða eða þjóðgarða, sbr. 2. mgr. 32. gr. laga um náttúruvernd.



Í 3. mgr ofangreindra laga segir að við mat á því hvort tilteknir vegir skuli tilgreindir í vegaskrá skv. 1. mgr. skal sérstaklega líta til þess hvort akstur á þeim sé líklegur til að raska viðkvæmum gróðri, valda jarðvegsrofi, hafa neikvæð áhrif á landslag, víðerni og ásýnd lands eða hafa að öðru leyti í för með sér náttúruspjöll. Einnig má líta til þess hvort um greinilegan og varanlegan veg sé að ræða, hvort löng hefð sé fyrir akstri á honum og hvort umferð á tilteknum vegi skuli takmarka við ákveðnar gerðir ökutækja, viss tímabil, náttúrufarslegar aðstæður eða við akstur vegna ákveðinna starfa.

Vegagerðin heldur utan um skrána en sveitarfélög bera ábyrgð á að senda tillögur þegar vinna við aðalskipulag fer fram, sbr. 1. og 2. mgr. 32. gr. laga um náttúruvernd.

Skráin hlýtur samþykkt samhliða afgreiðslu aðalskipulags eða breytinga á aðalskipulagi, sbr. 32. og 36. gr. skipulagslaga, nr. 123/2010.

### **Fráveita**

Umhverfisstofnun bendir á að öll fráveita skal vera skv. reglugerð um fráveitu og skólp nr. 798/1999. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fjallað sé nákvæmlega um hver staða fráveitumála sé í sveitarfélaginu, þar sem kæmi fram magn og umfang fráveitu, eðli hreinsivirkja og auk þess er mikilvægt að það komi fram hvert er ástand viðtakans.

Einnig bendir stofnunin á að ef þörf er á úrbótum í fráveitumálum þarf að koma fram hver stefna sveitarfélagsins sé varðandi endurbætur og hver tímarammi endurbóta sé.

### **Tillaga að framkvæmdaáætlun (B-hluta)**

Umhverfisstofnun bendir á að NÍ hefur sett fram tillögur að svæðum á framkvæmdaáætlun (B-hluta) náttúruminjaskrár út frá verndun vistgerða, fugla og jarðminja.

Umhverfisstofnun vill benda á að innan sveitarfélagsins er svæði á tillögu NÍ að framkvæmdaráætlun (B-hluta) og má t.d. nefna Laxárdalsheiði og Sölvatangi. Laxárdalsheiði er svæðið tilnefnt vegna þess að svæðið er alþjóðlega mikilvægt varpsvæði álfar og himbrima (<https://natturuminjaskra.ni.is/>).

Tillögurnar hafa verið birtar á heimasíðu stofnunarinnar og fela í sér mat á verndargildi þeirra svæða sem þar eru tilgreind (<https://natturuminjaskra.ni.is/>).

Umhverfisstofnun bendir á að ekki er um að ræða gildandi B-hluta náttúruminjaskrár þar sem tillögurnar hafa ekki hlotið þá málsmeðferð sem um getur í lögum þar sem m.a. er haft samráð við sveitarfélögin, landeigendur og aðra hagsmunaaðila, en áður en tillögurnar verða lagðar fyrir Alþingi verður haft samráð við áður nefnda aðila.

Hins vegar er það mat stofnunarinnar að mikilvægt sé að hafa þær upplýsingar fyrir ofangreint svæði til hliðsjónar þegar skipulagsáætlunin er unnin, þegar áhrif á helstu umhverfisþætti eru metin og til að tryggja að verndargildi svæðisins rýrni ekki. Auk þess bendir stofnunin á að þegar framkvæmdaáætlun (B-hluti) náttúruminjaskrár verður samþykkt af Alþingi getur það haft áhrif á verndarstöðu þeirra svæða sem tillagan nær til.

### Stjórn vatnamála

Í greinargerð kemur fram að unnið er að mótun vatnaáætlunar, skv. lögum um stjórn vatnamála nr. 36/2011.

Umhverfisstofnun bendir á að markmið laganna er að vernda vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til þess að vatn njóti heildstæðrar verndar. Jafnframt er lögunum ætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns og langtímavernd vatnsauðlindarinnar. Lögin taka til yfirborðsvatns og grunnvatns ásamt árósavatni og strandsjó, til vistkerfa þeirra og til vistkerfa sem tengjast þeim að vatnabúskap. Til að ná fram markmiðum laganna skal vinna vatnaáætlun, aðgerðaáætlun og vöktunaráætlun. Áætlað er að vatnaáætlun fyrir Ísland fari í almenna kynningu árið 2021 og taki gildi árið 2022. Settar hafa verið tvær reglugerðir, reglugerð nr. 935/2011 um stjórn vatnamála og reglugerð nr. 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun.

Samkvæmt markmiðum laganna og reglugerðarinnar skulu vatnshlot vera í mjög góðu eða góðu vistfræðilegu ástandi. Unnið er að því að skilgreina gæðapætti og koma á kerfi til að meta ástand vatnshlota. Í vatnaáætlun munu verða sett umhverfismarkmið fyrir vatnshlotin sem miða að því að halda vatnsgæðum góðum.

Umhverfisstofnun bendir á að t.d. efnistaka í straumvötnum flokkast sem vatnsformfræðileg breyting á vatnshloti og getur valdið álagi á lífríki. Umhverfisstofnun bendir á að vatnsafsvirkjanir flokkast sem vatnsformfræðileg breyting á vatnshloti og getur valdið álagi á lífríki.

### Óbyggð víðerni

Í 3. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013, þar sem fjallað er um verndarmarkmið fyrir jarðminjar, vatnasvæði, landslag og víðerni, segir í e. lið. 1. mgr: „*Til að stuðla að vernd jarðfræðilegrar fjölbreytni landsins og fjölbreytni landslags skal stefnt að því að standa vörð um óbyggð víðerni landsins.*“

Samkvæmt náttúruverndarlögum nr. 60/2013 eru óbyggð víðerni skilgreind sem svæði í óbyggðum sem er að jafnaði a.m.k. 25 km<sup>2</sup> að stærð, eða þannig að hægt sé að njóta þar einveru og náttúrunnar án truflunar af mannvirkjum eða umferð vélknúinna farartækja, og í a.m.k. 5 km fjarlægð frá mannvirkjum og öðrum tæknilegum ummerkjum, svo sem raflinum, orkuverum, miðlunarlónum og uppbyggðum vegum.

Í landsskipulagsstefnu segir að samkvæmt stefnu stjórnvalda um sjálfbæra þróun skal tryggja að stór samfelld víðerni verði áfram að finna í óbyggðum Íslands. Einnig að reynt verði að byggja mannvirki utan skilgreindra víðerna en þar sem slíkt er ekki mögulegt verði þess gætt að þau valdi sem minnstu raski og sjónmengun.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að það komi fram í tillögunni hver stefna sveitarfélagsins er varðandi verndun óbyggðra víðerna í sveitarfélaginu sbr. 3. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013.

**Búsvæði sela**

Í greinargerð kemur fram að selir eru mikilvægur hluti lífríkis svæðisins og landselur og útselur kæpa á skerjum um allan Breiðafjörð.

Umhverfisstofnun bendir á að hægt er að sjá útbreiðslu selaláturs á vefsíðu NÍ (<http://selalatur.ni.is/>).

Umhverfisstofnun vill einnig benda á að selir eru skráðir á válista Náttúrufræðistofnunar Íslands (2018). Þar er landselur flokkaður sem tegund í bráðri hættu og útselur flokkaður sem tegund í hættu.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að það komi fram í tillögunni hver sé stefna sveitarfélagsins varðandi landnotkun á svæðum sem eru mikilvæg búsvæði sela.

**Vindorkuver**

Í greinargerð kemur fram að áætlanir eru um uppbyggingu tveggja vindorkuvera og eru þau verkefni í skipulagsferli.

Umhverfisstofnun bendir á að stofnunin veitti umsögn varðandi breytingar á aðalskipulagi Dalabyggðar 2004 – 2016 varðandi vindorkugarða á Sólheimum og Hróðnýjarstöðum dags. 13. júní 2019.

Auk þess veitti Umhverfisstofnun umsögn til Skipulagsstofnunar vegna tillögu að matsáætlun dags. 30. janúar 2020 fyrir vindorkugarð í landi Sólheima.



Axel Benediktsson  
sérfræðingur

Virðingarfyllst



Björn Stefánsson  
sérfræðingur